

Föstudaginn 18. apríl 1975.

Nr. 74/1974. **Guðbjartur Pálsson**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Rafmagnsveitu Reykjavíkur

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Legi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Raforkusala. Innsetningargerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með stefnu 8. apríl 1974. Krefst hann þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi byggt á þeirri málsástæðu, að stefndi hafi eigi kafið hann um greiðslu samkvæmt ákvæðum 16. og 17. gr. reglugerðar nr. 5/1939. Hafi krafan því eigi verið gjaldfallin, er áfrýjanda var tilkynnt, að straumur yrði rofinn af húsnæði hans. Málsástæða þessi var ekki höfð uppi í héraði, og kemur hún því eigi til álita hér fyrir dómi samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðbjartur Pálsson, greiði stefnda, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 20. mars 1974.

Í máli þessu er þess krafist, að starfsmönnum gerðarbeiðanda, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, verði með innsetningargerð fengin umráð og aðgangur að rafmagnsmælum nr. 17362701, 27036154 og 1216191, en mælar þessir eru í húsinu nr. 38 A við Bragagötu og mæla rafmagnsnotkun til húsnæðis þess, sem gerðarþoli, Guðbjartur Pálsson, hefur þar til umráða. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli, Guðbjartur Pálsson, hefur mótmælt því, að umbeðin innsetningargerð nái fram að ganga. Hann hefur krafist málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 7. þessa mánaðar.

Svo er frá skýrt af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli, Guðbjartur Pálsson, sem er leigutaki í húsinu nr. 38 A við Bragagötu, hafi verið orðinn skuldugur um kr. 89.611 í nóvember 1973. Honum hafi verið tilkynnt, að orkusala til hans yrði stöðvuð, ef skuld þessi yrði ekki greidd, en þetta hafi engan árangur borið. Og er starfsmenn gerðarbeiðanda hafi komið á staðinn til að taka mælitækin úr sambandi og rjúfa þannig orkustraum, hafi gerðarþoli neitað þeim um aðgang.

Á það er bent í málsútlistun gerðarbeiðanda, að mælitæki fyrir orkustraum séu eign rafmagnsveitunnar og aðgangur að þeim sé lögvarinn, sbr. 13. grein, 2. mgr., og 17. grein reglugerðar nr. 5/1939, sbr. einnig 76. gr. laga nr. 58/1967. Rafmagnsveitan hafi einkarétt á rafmagnssölu og verði jafnframt að selja þeim rafmagn, sem þess óska. Sé innsetningarbeiðni þessi í alla staði réttileg og óhjákvæmileg og ekki þurfi annað skilyrði að vera fyrir hendi til þess að framfylgja megi lögvörðum rétti til að loka fyrir rafstraum en það, að ekki hafi verið greitt á gjalddaga.

Af gerðarþola hálfu er ekki vefengt, að skuld sé fyrir hendi og hafi rafmagnsveitan lokunarheimild að vísu, en því er haldið fram, að lög standi ekki til þess, að beita megi fógetagerð til að knýja fram aðgang að húsakynnum manna, svo lokun megi fram fara. Verði gerðarbeiðandi að leita annarra úrræða til að sjá hagsmunum sínum borgið, svo sem að krefjast lögtaks til tryggingar áföllnum skuldum. Bent er á það, að heimild fyrir beinum fógetagerðum í íslenskum rétti sé N. L. VI-14-6 og komi lögjöfnun ekki til álita í máli þessu. Því er ekki mótmælt, að gerðarþoli hafi fengið aðvörun um lokun.

Það verður að telja almenna réttarfarsreglu, sem m. a. hefur stöð í N. L. VI-14-6, að maður geti beitt fúgetagerð, er hann þarf nauðsynlega að ná umráðum eða handhöfn með skjótum hætti, ef það liggur fyrir, að hann á augljósan rétt til þessara aðilda og aðfór mætti gera samkvæmt 12. gr. og aðalefni 13. gr. laga nr. 19/1887, hefði hann farið þá leið að afla sér dóms um skyldu gagn-aðilja.

Ekki hefur verið vefengd sú frásögn gerðarbeiðanda, að gerðarþoli skuldi fyrir rafmagnsnot og að honum hafi verið tilkynnt um lokun orkustraums. Gerðarbeiðanda er brýn þörf á að komast sem fyrst að mælitækjum til þess að geta rofið rafstraum til húbýla gerðarþola. Verður krafa gerðarbeiðanda um innsetningu tekin til greina á hans ábyrgð.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað vegna fúgetamáls þessa. Þykir hann hæfilega tiltekinn kr. 15.000.

Þorsteinn Thorarensen borgarfúgeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 15.000 í málskostnað innan 15 daga frá kirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðfór að lögum.
